



VÍSINDASTARF

Á LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSI

2002

VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSI

Fylgirit með ársskýrslu LSH með samantekt yfir vísindastarf á spítalanum kemur nú út annað árið í röð. Mjög góð viðbrögð hafa verið frá starfsmönnum spítalans og mikið magn upplýsinga hefur verið sent inn til birtingar. Þótt upplýsingarnar séu ekki tæmandi sýna þær mun viðameiri vísindastarfsemi við spítalann en síðasta hefti gaf til kynna. Unnið var úr innsendu efni þannig að það gæfi gott yfirlit yfir umfang vísindastarfseminnar. Hugleiða má hvernig standa skal að framsetningu svona efnis í framtíðinni, þ.e. hvort skilgreina þurfi hvaða efni og hvernig framsetning gefur besta yfirsýn yfir vísindastarfsemina og gagnast best spítalanum, starfsmönnum, vísindamönnum og almenningi utan spítalans.

Mjög ánægjulegt er að sjá hve kröftugt vísindastarf er unnið á spítalanum og hve starfsmenn hans eru ötulir við að kynna niðurstöður sínar fyrir almenningi og fagfólki, bæði innanlands sem erlendis. Þessa umfangsmiklu vísindastarfsemi staðfesta alþjóðlegar tölur sem sýnt hafa fram á að framlag vísindamanna spítalans er mikið á alþjóðavettvangi.

Í vísindastefnu spítalans segir meðal annars: „Rannsóknarhlutverk spítalans felur í sér bæði sköpun nýrrar þekkingar og hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna, íslensku samfélagi til hagsbóta“. Það er von okkar að þær upplýsingar, sem koma fram í þessu fylgiriti verði árviss hvati að enn blómlegra vísindastarfi við spítalann í anda vísindastefnu hans.

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar,

Oddný S. Gunnarsdóttir
deildarstjóri vísinda og rannsóknarþjónustu

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir
yfirlæknir vísinda og rannsóknarþjónustu

Sérstakar þakkir fær Reynir Tómas Geirsson, prófessor
fyrir framlag sitt til þessa rits.

EFNISYFIRLIT

Vísindastefna Landspítala - háskólasjúkrahúss3
Reglur Landspítala - háskólasjúkrahúss um vísindarannsóknir4
Vísindaráð LSH9
Vísindasjóður LSH9
Vísindastyrkir10
Ársskýrsla siðanefndar LSH 200212
Leyfi veitt frá siðanefnd LSH 200213
Barnasvið14
Kvennasvið16
Geðsvið17
Lyflækningasvið I18
Lyflækningasvið II25
Skurðlækningasvið26
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið29
Slysa- og bráðasvið30
Klínískt þjónustusvið31
Endurhæfingarsvið33
Öldrunarsvið34
Blóðbanki35
Rannsóknarstofnun LSH36
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga41
Skrifstofa starfsmannamála42
Þróunarskrifstofa hjúkrunar43

VÍSINDASTEFNA LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS

Landspítali - háskólasjúkrahús gegnir veigamiklu hlutverki í því að efla heilbrigðisvisindi hér á landi. Leit nýrrar þekkingar og þróun tækni eru forsendur framfara og þess að spítalinn geti veitt þjónustu í hæsta gæðaflokki. Spítalinn er háskólasjúkrahús og sem slíkt hluti af hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Metnaðarfull vísindastefna er leiðarljós og hvatning fyrir stjórnendum og starfsmenn spítalans en um leið almenn yfirlýsing um vilja Landspítala - háskólasjúkrahúss til að gegna veigamiklu hlutverki í vísindastarfi. Vísindastefna og viðleitni spítalans á sviði vísinda á sífellt að vera til umræðu og endurskoðunar af starfsmönnum, almenningi, stjórnendum og stjórnvöldum.

Markmið og viðleitni Landspítala - háskólasjúkrahúss er lýst í eftirfarandi meginviðhorfum:

- 1 Rannsóknarhlutverk spítalans felur í sér bæði sköpun nýrrar þekkingar og hagnýtingu rannsóknarniðurstæðna, íslensku samfélagi til hagsbóta.
- 2 Fræðilegt starf þarf að standast samanburð á alþjóðlegum vettvangi og spítalinn á að vera í fararbroddi í þróun heilbrigðisvísinda á Íslandi.
- 3 Vísindarannsóknir skulu vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennd siðfræðileg markmið.
- 4 Spítalinn skal leitast við að tryggja starfsfólki sínu tíma, aðstöðu og frjótt starfsumhverfi til að stunda rannsóknir í grunnvísindum sem og hagnýtum fræðum.

Landspítali - háskólasjúkrahús mun vinna að framgangi vísindastefnu sinnar með fjölbættum hætti og eiga nána samvinnu við rannsóknar- og menntastofnanir sem vinna að menntun heilbrigðisstétta og heilbrigðisvisindum. Þetta verður gert með eftirfarandi hætti:

- 1 Í samningum spítalans og menntastofnana verði vísinda- og rannsóknarsamstarf tryggt og til þess hvatt með skýrum gagnkvæmum stuðningi og aðgerðum. Ennfremur verði í framtíðaruppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss lögð áhersla á samtvinnu rannsókna, kennslu og þjónustu.
- 2 Spítalinn mun efla samstarf við Háskóla Íslands og aðra skóla, innlenda og erlenda, sem tengjast starfsemi spítalans og menntun heilbrigðisstétta.
- 3 Þverfaglegt rannsóknarstarf verði eflt, bæði innan spítalans og við vísindamenn utan hans.
- 4 Stuðlað verði að samvinnu við lífvísinda- og lyfjafyrirtæki, heilbrigðistækni- og upplýsingatæknifyrirtæki, innlend og erlend.
- 5 Unnið verði að stofnun heilbrigðisvísindastofnunar á lóð spítalans í samvinnu við Háskóla Íslands, aðra skóla og einkaaðila. Með tilkomu slíkrar stofnunar kemst á frjótt umhverfi til uppbyggingar vísinda og aðstaða til að bjóða frumkvöðlum samstarf í nánd við starfsmenn spítalans og þá sem samstarf eiga við hann.
- 6 Aðstaða til klínískra rannsókna verði byggð upp og styrkt. Rannsóknasetur verði skilgreindur hluti af starfsemi spítalans og rannsakerndum til aðstoðar á öllum stigum rannsóknarstarfsins, allt frá umsóknum um fjármagn, siðfræðimál, tölfræðivinnslu og birtingu og útgáfu niðurstæðna.

- 7 Landspítali - háskólasjúkrahús tryggi starfsfólki aðgang að góðu vísindalegu bókasafni með rafrænum tímaritum og gagnasöfnum.
- 8 Starfsfólki verði gefinn kostur á að sækja um launað rannsóknaleyfi á vegum spítalans. Árlega verði tiltekinn starfstími veittur í þessum tilgangi í fjárhagsáætlun Vísindasjóðs LSH og spítalans.

Landspítali - háskólasjúkrahús vill byggja upp öflugan vísindasjóð sem veitir styrki á samkeppnisgrundvelli. Úr Vísindasjóði Landspítala - háskólasjúkrahúss skal veita styrki bæði til byrjenda í rannsóknum sem og reyndari rannsakernda. Stefnt skal að því að koma upp sérstökum tækjakaupasjóði, ætluðum til að styrkja kaup á tækjum til vísindarannsókna. Í fjárhagsáætlun spítalans skulu tilteknir þeir fjármunir er árlega verða til ráðstöfunar úr styrktarsjóðum spítalans. Jafnframt er starfsfólk spítalans hvatt til að sækja um styrki úr öðrum rannsóknarsjóðum, jafnt innlendum sem erlendum. Spítalinn mun eftir fongum aðstoða starfsfólk við gerð umsókna.

Landspítali - háskólasjúkrahús mun vinna að því að setja skýrar siðareglur fyrir vísindastarf og hafa lög og reglur, sem vísindarannsóknir lúta, rannsakerndum aðgengilegar á heimasíðu spítalans.

Landspítali - háskólasjúkrahús hvetur starfsfólk sitt til að kynna rannsóknaniðurstöður á innlendum og erlendum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Jafnframt verði mikilvægar niðurstöður kynntar almenningi, m.a. með kynningu í húsakynnum spítalans. Árlega verði sameiginleg kynning á vísindavinnu starfsfólks spítalans á „Vísindum á Vordögum“, með fyrirlestrum og veggspjöldum og viðurkenning veitt þeim starfsmanni sem skarar fram úr. Spítalinn birtir árlega ritskrá starfsfólks með stuttum útdrætti.

Spítalinn mun móta, í samvinnu við Háskóla Íslands, meðferð höfundaréttar og eignarhalds á rannsóknaniðurstöðum. Enn fremur reglur um fjárreiður vísindasjóða og meðferð rannsóknargagna.

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar Landspítala - háskólasjúkrahúss er starfsfólki spítalans til aðstoðar við vísindastarf hvers konar. Vísindaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss er stjórnarnefnd og framkvæmdastjórn LSH til ráðgjafar um vísindastarf á spítalanum.

Samþykkt af stjórnarnefnd LSH

2. maí 2002

REGLUR LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS UM VÍSINDARANNSÓKNIR

Vísindarannsóknir eru eitt af verkefnum Landspítala - háskólasjúkrahúss. Vísindarannsóknir eru háðar ákvæðum laga og reglugerða og skal við framkvæmd rannsókna ætíð gæta þess að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglur. Lög og reglugerðir skilgreina réttindi sjúklinga og skyldur og réttindi vísindamanna sem taka þátt í vísindarannsóknunum en þau eru: Lög um réttindi sjúklinga 1997 nr.74, Lög um lífsýnasöfn 2000 nr. 110, Reglugerð nr. 134/2001 um vörslu og nýtingu lífsýna í lífsýnasöfnum, Reglugerð nr. 552/1999 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og ýmis ákvæði Laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga 2000 nr. 77 og reglur og leiðbeiningar Persónuverndar.

Á LSH eru í gildi Leiðbeiningar um afhendingu sjúkraskráa og heilsufarsupplýsinga og Reglur um meðferð og afhendingu heilsufarsupplýsinga. Jafnframt setur LSH með þessum reglum um vísindarannsóknir frekari ramma um vísindarannsóknir á spítalanum, samskipti vísindamanna við sjúklinga, notkun heilsufarsupplýsinga og annarra rannsóknargagna, vísindasamstarf og fjármál og fjárreiður.

Í 2. gr. laga um réttindi sjúklinga er vísindarannsókn skilgreind á eftirfarandi máta;

„Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29 gr. á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.“

Í maí 2002 samþykkti stjórnarnefnd vísindastefnu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar kemur m.a. fram að LSH vill

- stuðla að fræðistörfum, sem standast samanburð á alþjóðlegum vettvangi, meðal starfsmanna LSH,
- tryggja aðgengi vísindamanna að rannsóknarefni við í samræmi við lög og reglur þar að lútandi,
- tryggja að notkun rannsóknargagna og framkvæmd vísindarannsókna á LSH sé í samræmi við lög, reglur og gildandi viðmið í vísindasiðfræði,
- tryggja sjálfstæði vísindarannsókna, stuðla að skjótri birtingu rannsóknarniðurstaðna og hvetja til samvinnu,
- stuðla að bestu nýtingu rannsóknargagna og rannsóknartækni er spítalinn hefur yfir að ráða við vísindarannsóknir,
- þróa og viðhafa gagnsæja stefnu um skilyrði fyrir samvinnu við utanaðkomandi aðila,
- hvetja til samstarfs við fyrirtæki og samvinnu milli fyrirtækja og
- hafa gagnsæjar reglur um greiðslur vegna uppfinninga, höfundarréttar og leyfissamninga.

1. UM RÉTTINDI SJÚKLINGA LSH ER TAKA ÞÁTT Í VÍSINDARANNSÓKNUM

Í 10. gr. laga um réttindi sjúklinga kemur fram að sjúklingur skal fyrirfram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt

þátttöku eftir að hún er hafin. Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna gilda ákvæði 15. gr. sömu laga. Í þeirri grein segir að þegar veita skal aðgang að sjúkraskrá skuli þess gætt að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál, sjúkraskrárnar skulu geymdar á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim. Persónuvernd er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna, enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsókna. Unnt er að binda slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni. Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsókna skal það skráð í hana.

Í reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði kemur m.a. fram að óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki vísindasiðanefndar eða siðanefndar stofnunar (LSH) og hið sama gildir um aðgang að sjúkraskrá til vísindarannsókna. Einnig er vísindarannsókn á lífsýnum úr mönnum óheimil nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki siðanefndar stofnunar eða vísindasiðanefndar. Vísindasiðanefnd og siðanefnd LSH skulu fylgjast með framvindu rannsókna sem viðkomandi nefnd hefur samþykkt. Hún getur krafist þess að rannsóknaraðili sendi nefndinni áfangaskýrslur og niðurstöður. Vísindasiðanefnd getur afturkallað samþykki sitt fyrir rannsókn telji hún efni til þess.

2. UM ÞÁTTTÖKU STARFSMANNA Í VÍSINDARANNSÓKNUM

Starfsmenn eru hvattir til að stunda vísindarannsóknir á sérsviði sínu og auka við menntun sína og þekkingu, m.a. með þátttöku í vísindasamstarfi. Af hálfu spítalans er lítið svo á að þátttaka í vísindarannsóknunum geti talist hluti af starfsskyldum starfsmanna.

Framlag starfsfólks til vísindarannsókna og daglegur vinnutími þess getur skarast, þannig að hluti falli innan daglegs umsamins vinnutíma hjá spítalanum og hluti utan þess tíma, án þess að sérstök greiðsla komi til af hálfu spítalans.

Ef vinnuframlag starfsmanns vegna vísindarannsókna fer fram utan hefðbundins vinnutíma er starfsmanni heimilt að þiggja sérstaka greiðslu fyrir vinnuframlag sitt í þágu rannsóknarinnar.

Starfsmenn skulu upplýsa spítalann um greiðslur er tengjast vísindarannsóknunum innan spítalans og skulu þær eiga sér stað með milligöngu hans. Sérstök athygli er vakin á ákvæði 20. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir: „Áður en starfsmaður hyggst, samhlíða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.“

Sjúkrahúsið skal halda skrá yfir rannsóknarverkefni sem unnið er að.

Starfsmenn skulu ávallt veita yfirmanni eða viðkomandi framkvæmdastjóra, eftir því sem við á, upplýsingar um framkvæmd og framgang rannsóknar og aðrar upplýsingar sem að rannsóknnum snúa og óskað er eftir. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

Fallist sjúkrahúsið á ósk vísindamanns og/eða samstarfsaðila hans um að ráðinn verði starfsmaður til starfa tímabundið við tiltekin rannsóknarverkefni skal viðkomandi starfsmaður ráðinn til sjúkrahússins. Skal starfsmaðurinn ráðinn skv. kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og spítalans. Starfssvið skal afmarkað sérstaklega svo og tímamörk ráðningar og yfirmaður rannsóknarverkefnis tiltekinn. Áður en starfsmaður er ráðinn skal liggja fyrir skrifleg yfirlýsing um að vísindamaður eða samstarfsaðili hans tryggir greiðslu vegna launa og launatengdra gjalda starfsmannsins. Starfsmaður hefur réttindi í samræmi við ráðningarsamning, á sama máta og aðrir starfsmenn LSH.

Heimilt er starfsmönnum, öðrum en þeim sem eru í hópi rannsóknaraðila, að sinna gagnsöfnun og öðrum verkefnum innan hefðbundins vinnutíma á spítalanum, liggja fyrir samþykki yfirmanns viðkomandi starfsmanns. Kynna skal þessum starfsmönnum nauðsynlegar upplýsingar um rannsóknina, svo sem rannsóknaráætlun, vísindalegt gildi rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál ef fyrir hendi eru. Jafnframt skulu starfsmönnum kynnt öll leyfi sem aflað hefur verið vegna rannsóknarinnar og samþykkisblað sjúklings ef við á og skulu þessi gögn vera aðgengileg starfsmönnum ef þeir óska.

3. UM FRAMKVÆMD VÍSINDARANNSÓKNA, MEÐFERÐ HEILSUFARSUPPLÝSINGA OG ANNARRA RANNSÓKNARGAGNA O. FL.

Landspítali - háskólasjúkrahús hefur í vörslu sinni stórt safn rannsóknargagna á heilbrigðissviði. Rannsóknargögn eru efniviður, svo sem heilsufarsupplýsingar og vefjasýni sem spítalinn hefur í vörslu vegna þjónustu sem hann samkvæmt lögum innir af hendi við sjúklinga.

Afhending rannsóknargagna

Áður en gögn Landspítala - háskólasjúkrahúss eru notuð til vísindarannsóknna skal liggja fyrir samþykki vísindasiðanefndar eða siðanefndar Landspítala - háskólasjúkrahúss og auk þess skal eftir atvikum aflað leyfis eða vinnslan tilkynnt Persónuvernd. Jafnframt skal liggja fyrir leyfi framkvæmdastjóra lækninga á LSH, eða þess er hann hefur framselt umboð sitt, þegar um er að ræða upplýsingar í sjúkraskrá sbr. [Reglur um notkun heilsufarsupplýsinga](#). Sé áformað að nota við vísindarannsókn lífsýni, sem eru í vörslu spítalans og safnað hefur verið til annarra nota en um ræðir í rannsóknaráætlun, skal jafnframt semja um afhendingu lífsýna við stjórn viðkomandi lífsýnasafns, sbr. [Starfsreglur lífsýnasafna](#).

Um leyfisskylda og tilkynningaskylda vinnslu

Í [reglum Persónuverndar nr. 90/2001](#) er kveðið á um hvenær vinnsla persónuupplýsinga sé leyfisskyld og hvenær nægi að tilkynna vinnsluna á þar til gerðum [rafrænum eðublöðum Persónuverndar](#). Afla þarf leyfis Persónuverndar þegar samkeyra á skrá sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá sem ekki er varðveitt á ábyrgð LSH. Einnig er vinnsla sem tengist framkvæmd erfiðarannsóknar háð leyfi Persónuverndar nema í tilvikum þegar aðeins er unnið með ópersónu-

greinanlegar upplýsingar og jafnframt þarf að afla leyfis við vinnslu upplýsinga úr sjúkraskrám vegna aftursýnna vísindarannsóknna. Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar heimild Persónuverndar hefur borist.

Vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga við vísindarannsóknir, sem ekki er háð leyfi Persónuverndar, ber að tilkynna Persónuvernd og er heimilt að hefja vinnsluna hafi athugasemdir ekki borist frá Persónuvernd innan 10 daga frá því að tilkynningin var send henni.

Ekki þarf að tilkynna til Persónuverndar vinnslu vegna gæðaeftirlits.

Vinnureglur er varða notkun sjúkraskráa og lífsýna á LSH til vísindarannsóknna, eftirlits og samræmdrar skráningar

Frumgögn spítalans, þ.m.t. sjúkraskrár, sem kunna að verða lögð til grundvallar við framkvæmd rannsóknna, eftirlits og samræmdrar skráningar, skal einungis meðhöndla innan hans. Gögn skulu meðhöndluð á þann hátt sem lög, Persónuvernd (sbr. [verklagsreglur Persónuverndar um afgreiðslu umsóknna um aðgang að sjúkraskrám vegna aftursýnna vísindarannsóknna](#)), vísindasiðanefnd/siðanefnd og sjúkrahúsið mæla fyrir um hverju sinni. Ef upplýsingar á tölvutæku formi eru lagðar til grundvallar skal að jafnaði við það miðað að hlutaðeigandi starfsmenn eða upplýsingatæknisvið spítalans annist flutning upplýsinga.

a. Almenn atriði vegna notkunar sjúkraskráa við rannsóknir.

- Ef notkun sjúkraskrár fer fram utan vörslustaðar hennar skal umslag skrárinnar skilið eftir og á það skráð hver fengið hefur sjúkraskrá að láni, hvenær skráin hafi verið afhent og hvenær henni er skilað. Jafnframt skal koma fram hvar sjúkraskrá skuli varðveitt meðan notkun fer fram.
- Sá/sú er fær afhenta sjúkraskrá vegna rannsóknar skal kvitta fyrir móttöku hennar við afhendingu og jafnframt fá kvittun þegar hann/hún skilar sjúkraskrá að skoðun lokinni.
- Ef sjúkraskrá er notuð til rannsóknna utan vörslustaðar hennar skal skráð hvar hún er varðveitt og skal skráin ætíð vera aðgengileg ef nauðsynlegt reynist vegna meðferðar sjúklings.
- Sá/sú er fær sjúkraskrá lánaða til rannsóknna skal sjá til þess að hún sé varðveitt með tryggum hætti.
- Skila skal sjúkraskrá án tafar ef nauðsyn ber til vegna meðferðar sjúklings.
- Ef flytja þarf sjúkraskrá vegna notkunar utan vörslustaðar skal það gert með tryggum hætti.

b. Sérstök ákvæði vegna notkunar sjúkraskrár við vísindarannsókn.

- Áður en sjúkraskrá er afhent til notkunar við vísindarannsókn skal liggja fyrir heimild framkvæmdastjóra lækninga eða þess er hann hefur framselt umboð sitt. Jafnframt skal liggja fyrir leyfi vísindasiðanefndar eða siðanefndar LSH og leyfi Persónuverndar.
- Afhenda skal læknaritara/skjalaverði, er tekur fram sjúkraskrá, afrit af fyrirliggjandi heimildum og skriflegar upplýsingar um heiti rannsóknar og ábyrgðarmann hennar.
- Sá er notar sjúkraskrá til vísindarannsóknna skal skrá notkunina í sjúkraskrána í hvert sinn.
- Ef nota skal upplýsingar til rannsóknna í samstarfi við líftæknifyrirtæki eða lyfjafyrirtæki skal rannsóknarsamningur áritaður af LSH áður en upplýsingar eru afhentar.

- c. Sérstök ákvæði vegna notkunar sjúkraskrár við gæðaeftirlit og samræmda skráningu í þágu LSH.
- Þeim starfsmönnum sem ber skylda til að skrá upplýsingar í sjúkraskrá er heimilt að nota sjúkraskrár eigin deilda við gæðaeftirlit og samræmda skráningu án þess að afla þurfi sérstakra heimilda. Skulu þeir tilkynna notkunina til framkvæmdastjóra lækninga eða þess sem hann hefur framselt umboð sitt.
 - Þeim starfsmönnum sem sinna eftirliti með meðferð sjúklinga f.h. LSH eða hafa úrvinnslu sjúkraskrárupplýsinga sem hluta af skilgreindu starfi sínu, t.d. við samræmda skráningu í þágu LSH, er heimilt að nota sjúkraskrár við skráningu og eftirlit. Skulu þeir tilkynna notkunina til framkvæmdastjóra lækninga eða þess sem hann hefur framselt umboð sitt.
- d. Notkun lífsýna.
- Ef nota á lífsýni til vísindarannsóka, eftirlits og samræmdrar skráningar skal farið að reglum viðkomandi lífsýnasafns.
- e. Notkun upplýsinga Krabbameinsmiðstöðvar LSH
- Um notkun upplýsinga sem safnað hefur verið á Krabbameinsmiðstöð LSH vegna samræmdrar skráningar gilda sömu reglur og um aðrar sjúkraskrárupplýsingar sem eru í vörslu spítalans.
 - Upplýsingar er safnað hefur verið vegna skilgreindrar vísindarannsóknar og varðveittar eru á Krabbameinsmiðstöð LSH skal ekki afhenda nema í samráði við viðkomandi vísindamann/vísindamenn. Þær skal ekki nota í öðrum tilgangi en samþykkt rannsóknaráætlun segir fyrir um.

Um varðveislu gagna og öryggisráðstafanir við meðferð þeirra

Um varðveislu gagna og öryggisráðstafanir við meðferð þeirra fer að reglum Persónuverndar (reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga og reglur nr. 918/2001 um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum). Í umsókn til Persónuverndar skal ætíð koma fram lýsing á því hvernig öryggi persónuupplýsinga verður tryggt. Við gerð þeirrar lýsingar skulu eftirfarandi atriði koma fram:

- Í skriflegri rannsóknaráætlun skal koma fram hver er ábyrgur fyrir varðveislu gagna.
- Í rannsóknaráætlun þarf einnig að koma fram hversu lengi heilsufarsupplýsingar, lífsýni og önnur rannsóknargögn skulu varðveitast og ef gögn verða ekki varðveitt til frambúðar, hvernig staðið verði að eyðingu þeirra.
- Tölvuskráðar upplýsingar skulu varðveittar í tölvuskram eða tölvum sem læstar eru með aðgangsorði.
- Lífsýni skulu varðveitt í læstu rými sem fellur undir öryggiskerfi og vaktumsjón öryggisvarða LSH. Sýni skulu varðveitt undir númeri þar sem því verður við komið. Ef gerð er skrá, sem tengir rannsóknarnúmer og persónuauðkenni, skal sú skrá varðveitt aðskilin frá öðrum rannsóknargögnum.
- Skjöl þar sem upplýst samþykki er skráð og spurningalista sem tengjast þátttökendum í rannsókninni skal geyma í læstum hirslum.
- Einungis starfsmenn sem gengist hafa undir þagnarskylduákvæði LSH skulu hafa aðgang að persónugreinanlegum gögnum.

4. RANNSÓKNARSAMNINGUR OG SKRÁNING VERKEFNIS

Skriflegur samningur skal ávallt gerður varðandi vísindarannsóknir sem eru framkvæmdar á LSH og kostaðar af aðilum utan LSH. Óheimilt er að stofna til kostnaðar fyrir LSH án slíks samkomulags. Samningurinn skal sendur skrifstofu forstjóra og skulu þar koma fram upplýsingar um rannsóknarverkefni, og hvaða gögn, aðstöðu og þjónustu verkefnið fær hjá spítalanum og hvernig endurgjaldi er háttað. Í samningi skal ætíð tilgreina eftirfarandi atriði:

- Heiti rannsóknar
- Umsjónarmann rannsóknar
- Nöfn allra styrkþega, sem standa að rannsókninni
- Nafn þess er árita skal reikninga
- Nöfn/heiti styrkveitanda
- Áætluð tímamörk rannsóknar
- Heildarfjárhæð styrks og áætlað greiðslufæði
- Áætlaðan fjöldi starfsmanna
- Áætlaðan kostnað
- Gögn spítalans sem áformað er að nýta við rannsóknina
- Aðstöðu sem áformað er að nýta
- Ef um er að ræða hluta rannsóknar, þurfa að fylgja upplýsingar um heildarumfang hennar
- Stjórnunar- og aðstöðugjald (umsýslugjald) spítalans
- Annað framlag LSH til rannsóknarinnar
- Þegar rannsókn lýkur eða tafir verða á framvindu skal umsjónaraðili tilkynna það til reikningshaldssviðs á skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga

5. SAMSTARF Á SVIÐI VÍSINDARANNSÓKNA

Í samræmi við samstarfssamning Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss eru starfsmenn LSH hvattir til rannsóknarstarfa, jafnt grunnrannsóka, hagnýtra rannsókna sem klínískra rannsókna. Jafnframt hvetja bæði LSH og H.Í. starfsmenn sína til þverfaglegra vísindarannsókna. Við samstarfsverkefni þarf að leggja fyrir rannsóknaráætlun þar sem fram kemur hlutverk einstakra starfsmanna í rannsókninni og skal þess einkum gætt þegar mögulegt er að fjárhagslegur ávinningur verði af rannsókninni.

Um rétt til að vera í hópi höfunda á vísindagrein og um röð höfunda fer eftir alþjóðlegum reglum vísindasamfélagsins (sjá t.d. International Committee of Medical Journal Editors (ICMJE); Uniform Requirements for Manuscripts Submitted to Biomedical Journals, updated October 2001).

6. STJÓRNUNAR- OG AÐSTÖÐUGJALD

- Stjórnunar- og aðstöðugjald (umsýslugjald) skal lagt á sértekjur og styrki nema gerður hafi verið samningur sem kveður á um annað. Framkvæmdastjórn ákvarðar gjaldið og nemur það nú 12%. Hafi verið samið um lægri greiðslu eða greiðsla felld niður skal mismunurinn bókfærður sem framlag LSH til viðkomandi rannsóknar og getið sem slíks við birtingu niðurstaðna.

- Sé rannsókn að meginhluta fjármögnuð með styrk frá Vísindasjóði LSH eða frá innlendum félagasamtökum skal greiðsla felld niður. Umsýslugjald af styrkjum vegna nemendaverkefna er ekki innheimt.
- Ef þörf er á aðstoð sérstaks starfsmanns skulu laun og launatengd gjöld greidd sérstaklega.
- Kostnaður vegna rannsókna og myndgreiningar, lyfjakostnaður og framlög kostunaraðila í formi lyfja eða tækja er undanþeginn greiðslu stjórnunar- og aðstöðugjalds, enda sé sá kostnaður greiddur sérstaklega og rannsóknirnar verðlagðar á útseldum taxa.
- Greiðslur vegna stjórnunar- og aðstöðugjalds renna til LSH og skal haldið aðgreindum í bókhaldi spítalans. Helmingi gjaldsins skal varið til uppbyggingar rannsóknaraðstöðu við spítalann. Helmingur rennur til greiðslu kostnaðar spítalans, m.a. vegna launavinnslu og fjárumýslu, uppsetningar og reksturs tölvubúnaðar og reksturs húsnæðis.

Sé óskað eftir lækku eða niðurfellingu stjórnunar- og aðstöðugjalds LSH skal ósk um það koma fram á sérstöku eyðublaði sem sent skal skrifstofu forstjóra.

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga sér um innheimtu gjaldsins og millifærir tekjur til viðeigandi aðila.

7. GREIÐSLA KOSTNAÐAR LSH VEGNA VINNSLU OG AFHENDINGAR GAGNA VIÐ VÍSINDARANNSÓKNIR

Vísindamanni/-mönnum sem fá rannsóknargögn er LSH hefur í vörslu sinni ber að greiða eðlilegan afhendingar- og vinnslukostnað spítalans eða einstakra deilda hans.

Heimilt er að afhenda vísindamanni/-mönnum rannsóknargögn án greiðslu ef rannsóknir eru framkvæmdar án væntinga um fjárhagslegan ágóða. Slíkan kostnað skal bókfæra og skrá sem stuðning spítalans við viðkomandi rannsókn.

Sé óskað eftir lækku eða niðurfellingu gjalda vegna kostnaðar LSH við vinnslu og afhendingu rannsóknargagna skal ósk um það koma fram á sérstöku eyðublaði sem sent skal skrifstofu forstjóra.

8. UM REIKNINGSHALD OG FJÁRREIÐUR

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga (SFU) á LSH annast reikningshald og fjárreiður vegna vísindarannsókna sem eru kostaðar eða styrktar af þriðja aðila, í samræmi við þessar reglur. Umsjónarmanni verkefnis ber að veita starfsmönnum reikningshaldssviðs, sem hafa með höndum fjárumýslu vegna vísindaverkefna, allar upplýsingar er þeir þurfa vegna starfa sinna.

Starfsmönnum sjúkráðsins, sem jafnhliða sinna störfum hjá Háskóla Íslands, er heimilt að fela skólanum fjárvörslu sinna verkefna.

Skipta má fjármunavörslu vegna vísindarannsókna innan LSH í eftirtalda flokka:

- Sjóði er starfa samkvæmt skipulagsskrá sem dómsmálaráðuneyti hefur staðfest. Um þessa sjóði gilda ákvæði viðkomandi skipulagsskrár auk reglna LSH.
- Framlög og styrki sem aflað er til vísindarannsókna á LSH og spítalinn varðveitir í samræmi við skipulagsskrá Landspítalásjóðs Íslands.
 - a. Ef um er að ræða afmarkað tímabundið rannsóknarverkefni fær það sérstakt bókhaldsnúmer og eru greiðslur inntar af hendi við framvísun reikninga sem áritaðir eru af umsjónarmanni.
 - b. Ef um er að ræða rannsóknarsjóði er í renna fjármunir sem ekki eru markaðir skilgreindum verkefnum, t.d. sjóði deilda eða starfshópa, skulu þeir starfa í samræmi við starfsreglur sem stjórn Landspítalásjóðs Íslands staðfestir.
- Styrki sem vísindamenn fá í eigin nafni og kennitölu. Skattaleg meðferð þessara styrkja er á ábyrgð styrkþega þótt LSH sé vörsluðili sjóðsins.

Reikningshald

- Einstök rannsóknarverkefni eru fjárhagslega aðgreind frá öðrum rekstri LSH og hafa sérstakt verkefnisnúmer. Ef sami aðili vinnur að fleiri en einni rannsókn samtímis fær hvert rannsóknarverkefni verkefnisnúmer.
- Reikningshaldssvið veitir vísindamönnum stofnunarinnar og þeim forsvarsmönnum sjóða, sem eru starfsmenn LSH, bókhaldsþjónustu vegna styrkja og sjóða á þeirra vegum.
- Ef starfsmaður er ráðinn til starfa við vísindaverkefni og laun hans eru greidd af fjármunum viðkomandi verkefnis eða sjóðs í vörslu LSH, hefur reikningshaldssvið umsjón með launaafgreiðslu og bókhaldi vegna viðkomandi starfsmanns.
- Óheimilt er að stofna til skuldar nema um það hafi verið sérstaklega samið. Að öðrum kosti áskilur spítalinn sér rétt til að grípa til viðeigandi ráðstafana.
- Upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra verkefna eru veittar umsjónarmanni, yfirstjórn LSH og opinberum aðilum eftir atvikum.
- Ef gera þarf grein fyrir fjárhagsstöðu verkefnis, t.d. til styrktaraðila, fær umsjónarmaður niðurstöður settar fram í samræmi við venjubundnar aðferðir reikningshaldssviðs.
- Reikningsár verkefnis er almanaksárið, nema annað sé tekið fram í samningi eða skipulagsskrá verkefnis.

Fjárvarsla og fjárreiður

- Bankareikningar verkefna skulu vera á kennitölu sem ákveðin er af SFU.
- Fjármálasvið hefur umsjón með bankareikningum og sér um greiðslur reikninga er umsjónarmaður verkefnis hefur áritað og greiddir eru af styrkfjárhæð. Gjaldkeri á SFU er prókúruhafi bankareikninga er verkefninu tengjast.
- Fjármálasvið tryggir bestu ávöxtun veltufjármuna eins og um semst við viðskiptabanka spítalans hverju sinni.
- Í þeim tilvikum sem greiðsluflæði er ekki í samræmi við gang verkefnis og skuld myndast við spítalann ber hún vexti í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar LSH.

- Greiðslur umfram styrk eru á ábyrgð umsjónarmanns og ber honum að sjá til þess að skuld, sem myndast vegna verkefnisins við LSH, verði greidd.
- Ávöxtun langtímafjármuna er ákveðin í samráði við umsjónarmann verkefnis, þótt spítalinn sé vörsluaðili fjárens.

Meðferð bókhaldsgagna

- Reikningshaldssvið sér um að bókhald sé í samræmi við bókhaldslög.
- Meðferð reikninga skal vera í samræmi við reglur ríkisins og einungis er greitt eftir frumritum reikninga.
- Allir reikningar vegna verkefnis skulu vera lögformlegir og stílaðir á heiti verkefnis og kennitölu umsjónarmanns/prókúruhafa eða verkefnis.
- Öll úttekt á vörum og þjónustu skal skráð á kennitölu verkefnis eða umsjónarmanns þess.
- Reikningar er eiga að greiðast af fjármunum í vörslu LSH skulu samþykktir af tilgreindum umsjónarmanni verkefnis sem staðfestir samþykki sitt með áritun á viðkomandi fylgiskjal.
- Greiðslur vegna ferðakostnaðar og námskeiða skulu lúta reglum spítalans.
- Ef um er að ræða launagreiðslur umfram kjarasamninga vegna ferða erlendis greiðir verkefnið þann launakostnað.
- Greinargerð vegna risnukostnaðar skal fylgja beiðni um greiðslu slíks kostnaðar, í samræmi við reglur ríkisins.

Ráðningar og launagreiðslur

- Ef ráðinn er starfsmaður við vísindaverkefni skal gera við hann ráðningarsamning eða senda breytingartilkynningu. Við ákvörðun launa skal tekið mið af kjarasamningum opinberra starfsmanna og viðkomandi stéttarfélags. Tiltaka skal áætlaða tímalengd verkefnisins.
- Þegar greitt er fyrir vinnuframlag úr launakerfi spítalans skal reikna fullt álag vegna launatengdra gjalda s.s. móttframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð og tryggingagjald.
- Ef fyrirséð er að styrkur nægi ekki fyrir launakostnaði, sem getur fallið til skv. ráðningarsamningi, getur LSH sagt upp viðkomandi starfsmanni með lögbundnum fyrirvara.
- Greiðslur fyrir vinnuframlag geta verið samkvæmt framlögðum reikningi, þ.e. ef starfsmaður er verktaki hjá verkefninu.

Ársuppgjör og skattaleg meðferð

- Ársreikningur skal vera í samræmi við lög og reglur um gerð ársreikninga.
- Ársreikningar skulu áritaðir af meirihluta sjóðsstjórnar eða styrkþega verkefnis.
- Greiðslur til einstaklinga og fyrirtækja eru gefnar upp á launamiða eftir því sem við á.
- Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun ársreikninga vísindaverkefna.
- Starfsmönnum, sem fengið hafa styrk er varðveittur er á þeirra nafni og kennitölu, ber að gera grein fyrir styrkjum og ráðstöfun þeirra á skattframtali sínu.

9. GILDISTÍMI

Reglur þessar gilda frá maí 2003 og skulu endurskoðaðar innan 3 ára.

*Reglur þessar eru í [Reglur og leiðbeiningar á upplýsingavef LSH, \[www.landspitali.is\]\(http://www.landspitali.is\)](#).
Undirstríkanir vísa til tenginga í viðkomandi skjöl.*

VÍSINDARÁÐ LSH



Vísindaráð LSH:

Auðna Ágústsdóttir hjúkrunarfræðingur
Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur
Brynjar Karlsson eðlisfræðingur
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir læknir
Þórarinn Gíslason læknir
María Henley, ritari vísindaráðs
Gunnar Sigurðsson prófessor, formaður
Kristín Björnsdóttir hjúkrunarfræðingur

VÍSINDASJÓÐUR LSH

Skipulagsskrá Vísindasjóðs Landspítala - háskólasjúkrahúss

1. gr. Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Landspítala - háskólasjúkrahúss. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Stofnfé sjóðsins er kr. 35.710.055. Það er fé sem var í Vísindasjóði Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur þann 1. janúar 2001 kr. 33.710.055, en sá sjóður var stofnaður til minningar um Þórð Sveinsson, lækni og Þórð Úlfarsson, flugmann, með skipulagsskrá staðfestri 5. janúar 1964 og fé úr Vísindasjóði Landspítalans 10. maí 2001 kr. 2.000.000, en starfsreglur hans voru samþykktar af heilbrigðisráðherra þann 31. október 1994.

3. gr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla vísindarannsóknir, athuganir og tilraunir í vísindalegum tilgangi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eða í náinni samvinnu við það. Aðild að sjóðnum eiga allir háskólamenntaðir starfsmenn LSH.

4. gr. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Einn skal tilnefndur af lækna ráði LSH, einn af hjúkrunarráði LSH og einn af skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar. Skulu tveir tilnefndir af stjórnarnefnd LSH og annar þeirra vera formaður og hinn úr hópi annarra háskólastétta en lækna og hjúkrunarfræðinga. Skipunartími stjórnar er fjögur ár. Stjórnin ákveður hversu miklu fé skuli úthluta hverju sinni. Úthlutun styrkja fer fram einu til tvisvar sinnum á ári að fengnum tillögum úthlutunarnefndar. Stjórnin skipar úthlutunarnefnd og setur henni starfsreglur.

5. gr. Tekjur sjóðsins eru:

- Árlegt framlag LSH samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar.
- Framlög fyrirtækja vegna rannsóknasamninga við LSH og starfsmenn hans.
- Framlög frá opinberum aðilum og einstaklingum.
- Gjafir sem sjóðnum berast.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Stjórninni er skylt að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmasta hátt. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins við úthlutun styrkja svo mikið að ekki standi ávallt eftir a.m.k. kr. 25.000.000 sem haldi verðgildi sínu á hverjum tíma.

6. gr. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga LSH annast fjárreiður sjóðsins og bókhald f.h. sjóðsstjórnar. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og þeir birtir með ársskýrslu LSH.

7. gr. Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari. Leita skal samþykkis stjórnarnefndar LSH fyrir breytingunum. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til annarrar sambærilegrar starfsemi.

8. gr. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur sem staðfest var þ. 5. janúar 1964 svo og starfsreglur Vísindasjóðs Landspítalans staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 31. október 1994.

Samþykkt á fundi stjórnarnefndar
Landspítala - háskólasjúkrahúss
8. maí 2001.

Stjórn Vísindasjóðs LSH:

Bjarni Þjóðleifsson yfirlæknir
Gísli Einarsson framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar
Herdís Herbertsdóttir hjúkrunarfræðingur
Magnús Pétursson forstjóri, formaður
Þorbjörg Guðnadóttir sviðsstjóri reikningshaldssviðs

Ritari er Jóninna Karlsdóttir.

VÍSINDASTYRKIR VÍSINDASJÓÐS VORIÐ 2002

Aðalgeir Arason og samstarfsaðilar.
Frumliffræðideild RH.

Sannprófun og staðarákvörðun óþekkt
erfðavísis brjóstakrabbameins í íslenskri fjöl-
skyldu.

Anna L. Þórisdóttir Möller og samstarfsaðilar.
Taugalækningadeild. Tvíblind víxlniðs-
rannsókn á segulörvun heila í meðferð
þunglyndis: Áhrif á geðræna hugræna og
lífeðlislega þætti.

Ari S. Jóhannesson og samstarfsaðilar.
Innkirtlasjúkdómar, skjaldvakaofseyting
(thyrotoxicosis á Íslandi).

Arthur Löve og samstarfsaðilar.
Rannsóknarstofa í veirufraði.
Sameindalífraðilegur samanburður á
lífrabólguveiru B stofnum á Íslandi.

Ásgeir Haraldsson og samstarfsaðilar.
Barnaspítala Hringings. Henoch-Schönlein
purpura; tengsl við ónæmiskerfið.

Bertand Lauth og samstarfsaðilar. BUGL.
Forkönnun á heilsufari 5 ára barna á Íslandi.

Björn Guðbjörnsson og samstarfsaðilar,
Gigtlækningadeild. Forspárgildi
æðvaxtarþáttarins vascular endothelial
growth factor (VEGF) við iktsýki. Áreiðanleiki
VEGF-mælinga í sermi eða plasma hjá
sjúklingum með virka iktsýki.

Björn Rúnar Lúðvíksson og samstarfsaðilar.
Ónæmisfræðideild LSH. Áhrif TGF á
þroskunarferil óþroskaðra T-fruma.

Bragi Skúlason og samstarfsaðilar.
Ekklar á Íslandi.

Brynjar Viðarsson og samstarfsaðilar,
Blóðfræði alm. lyflækningar. Árangur
VASP-meðferðar hjá sjúklingum með merg-
frumuæxli á Íslandi. VASP chemotherapy in
Multiple Myeloma.

Davíð Gíslason og samstarfsaðilar.
Lungnalækningar. Evrópukönnunin
- Heimili og umhverfi.

Dóra Lúðvíksdóttir og samstarfsaðilar.
Lungnalækningar. Áhrif megrunar á kæfisvefn.

Eiríkur Örn Arnason og samstarfsaðilar.
Fyrirbygging þunglyndis meðal unglunga.

Elias Ólafsson og samstarfsaðilar.
Taugalækningadeild. Könnun á meinferli
stökkbreytts cystin C í arfgengi
heilablæðingu.

Eyþór Björnsson og samstarfsaðilar.
Lungnalækningar. Evrópukönnunin Lungu og
Heilsa – endurtekningsrannsókn.

Friðbert Jónasson og samstarfsaðilar.
Augnlækningar. Augnrannsókn Reykjavíkur.

Gestur Þorgeirsson og samstarfsaðilar.
Hjartalækningar. Hjartastopp utan sjúkrahúsa
á Reykjavíkursvæðinu.

Gísli H. Sigurðsson. Svæfinga- og
gjörgæsludeild. Effects of vasopressin on
microcirculatory blood flow in
the gastrointestinal tract in septic shock.

Guðlaugur Birkir Sveinsson og samstarfsaðilar.
Húð- og kynsjúkdómar. Mæling á
taugaboðefnum í jafri psoriasis skellna.

Guðmundur Geirsson og samstarfsaðilar.
Þvagfæraskurðlækningar. Faraldsfræðileg
rannsókn á þvagleka meðal kvenna á Íslandi.

Guðmundur Jóhann Arason og
samstarfsaðilar. Rannsst. í ónæmisfræði.
Hlutdeild C4A-próteinskorts og mótefna gegn
Cl q í gallaðri fléttuhreinsun.

Guðmundur Jóhann Arason og
samstarfsaðilar. Rannst. í ónæmisfræði.
Þáttur bólgumiðla í meinþróun
kransæðasjúkdóms.

Guðmundur Rúnarsson, Hlíf Steingrímsdóttir
og samstarfsaðilar. Könnun á blóðhlutanotkun
og svörun við blóðflögugjöf á gjörgæslu-
deildum og legudeildum á lyflækningasviði II
við Landspítala - háskólasjúkrahús.
Afturskyggn rannsókn fyrir árið 2001 og fram-
skyggn rannsókn fyrir 6 mánaða tímabil frá
hausti 2002.

Guðmundur Þorgeirsson og samstarfsaðilar.
Boðkerfi á æðapeli. Virkjun MAPKínasa og Akt.

Guðný Jónsdóttir og samstarfsaðilar.
Landspítala Kópavogi. Könnun á aðstæðum
og þörfum fólks með heilalömun á
aldrinum 14 - 23 ára á Íslandi.

Guðrún Bragadóttir, Páll Torfi Öundurson
og samstarfsaðili. Blæðingaeinkenni arfbera
dreyrasýki A.

Gunnar Guðmundsson og samstarfsaðilar.
Lyflækningadeild. Millivefs lungnasjúkdómur
á Íslandi.

Gunnar Tómasson og samstarfsaðilar.
Barnalækningar. Faraldsfræði pneumokokka í
nefkoki heilbrigðra barna á leikskólum
Reykjavíkur.

Gyða Baldursdóttir og samstarfsaðilar.
Þekking og viðhorf skjólstæðinga
bráðamöttöku Landspítala til brjóstverkja.

Hannes Petersen og samstarfsaðilar. HNE
lækningar. Áhrif bólusetningar með
polyvalent pneumokokka bóluefninu Prevanar
á miðeyrasýkingar í rottum sýktum með
Streptococca pneumonia bacterium.

Helga Bragadóttir og samstarfsaðilar.
Barnalækningasvið. Tölvutengdur stuðnings-
hópur foreldra barna með krabbamein.

Helga Jónsdóttir og samstarfsaðilar.
Partnership with couples whose wife has
severe breathing difficulties eða Reynsla
hjóna þar sem eiginkonan hefur langvinnan
teppusjúkdóm í lungum: Samræður við
hjúkrunarfræðing.

Helga Jörgensem og samstarfsaðilar. Barna og
unglingageðdeild. Sjúklingaánægja foreldra á
legudeildum barna- og unglíngageðdeildar.

Helgi Valdimarsson og samstarfsaðilar.
Ónæmisfræði LSH. Er skortur á mannose
binding lectin (MBL)áhættuþáttur fyrir
sjálfsofnæmi í skjaldkirtli?

Hildur Magnúsdóttir. Upplifun/reynsla
erlendra hjúkrunarfræðingar af því að starfa
á sjúkrahúsi í Reykjavík.

Hlíf Guðmundsdóttir og samstarfsaðilar.
Öldrunarsvið. Samanburður á færni
háaldraðra sem búa í heimahúsum og þeirra
sem dvelja í vistrymum á Íslandi.

Hrund Sch. Thorsteinsson og samstarfsaðilar.
Skráning hjúkrunar á LSH.

Inga Þórsdóttir og samstarfsaðilar.
Öldrunarlækningar. Greining vannæringar meðal aldraðra.

Ingbjörg Hilmarsdóttir og samstarfsaðilar.
Sýklafræðideild. Iðrasýkingar á Íslandi.

Ingileif Jónsdóttir og samstarfsaðilar.
Rannsóknast. í ónæmisfræði.
Boðefnamynstur í eitlum og milta nýfæddra músa eftir bólusetningu sem vekur fullorðinslík ónæmissvör.

Ingileif Jónsdóttir og samstarfsaðilar.
Rannsóknast. í ónæmisfræði.
Slímhúðarbólusetning gegn eyrnabólgu .

Ísleifur Ólafsson og samstarfsaðilar.
Meinefnafraeðideild.
Stjórn á tjáningu cystatin C gens.

Jón Jóhannes Jónsson og samstarfsaðilar.
Meinefnafraeðideild LSH. Þróun aðferða til rannsókna á kjarnsýrum í líkamsvökvum.

Karl G. Kristinsson og samstarfsaðilar.
Sýklafræðideild. Sameindafaraldsfræði ónæmra *Staphylococcus pyogenes* á Íslandi.

Kristján Erlendsson og samstarfsaðilar.
Gigtlækningar. Þróun eitilfrumna frá blóðmyndandi stofnfrumum. Áhrif komplímента með tilliti til sjálfsmótefnamyndunar í rauðum úlfum.

Margrét Sigurðardóttir og samstarfsaðilar.
Félagsráðgjöf. Rannsókn á félagslegum aðstæðum fólks með MS sjúkdómminn.

Ólafur Baldursson.
Málakilningur lækna og sjúklinga.

Páll Torfi Önundarson og samstarfsaðilar.
Blóðmeinafræði. Samanburður á áhrifum warfarins, heparins, lupus anticoagulant og geymslu við stofuhita á mismunandi afbrigðum próthrombín tíma (PT), prothrombín proconvertin prófs (P&P) og Trombotesti®.

Ragnheiður Alfreðsdóttir og samstarfsaðilar.
Hver er upplifun hjúkrunarfræðinga af hvetjandi og letjandi starfsanda á legudeild.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir og samstarfsaðilar, barnalækningasviði.
Áhrif fræðslu- og stuðningsmeðferðar fyrir fjölskyldur barna og unglunga með sykursýki.

Rósa Björk Bjarkardóttir og samstarfsaðilar.
RH í meinafræði. Leit að æxlisbæligenum á litningi 5 sem hafa áhrif á krabbameinsþróun í brjósti.

Rósa Jónsdóttir og samstarfsaðilar.
Reynsla kvenna með lungnasjúkdóm, af falli í reykbíndindi.

Sigrún EP Reykdal og samstarfsaðilar.
Blóðfræði og alm. lyflækningar. Griplufrumur (dendritic cells) í mergrangvaxtarheilkenni, (myelodysplastic syndrome, MDS).

Sigrún Gunnarsdóttir og samstarfsaðilar.
Rannsókn um tengsl stjórnumar, starfsánægju og starfsgetu á LSH.

Sigurbergur Kárason og samstarfsaðilar.
Svæfinga- og gjörgæsludeild. Respiratory mechanics during endotoxin infusion measured with the spiodynamic method. Practice survey on ventilator and vasopressor/ inotropic drug therapy. (POWID).

Sigurður B. Þorsteinsson og samstarfsaðilar.
Smitsjúkdómar. Eru tengsl á milli meðferðaheldni HIV-sýktra við árangur lyfjameðferðar og tengist hún lífsgæðum?

Sigurður Yngvi Kristinsson og samstarfsaðilar.
Landspítala Fossvogi. Rannsókn á tíðni bláæðasega hjá íslenskum flugmönnum.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir og samstarfsaðilar.
Taugalækningadeild. Faraldsfræði vöðva-spennutrufunar af óþekktum toga, (idiopathic primary dystonia) á Íslandi.

Sigurveig Þ. Sigurðardóttir og samstarfsaðilar.
Rannsóknarst. í ónæmisfræði. Pneumococcal polysaccharide booster in children who received primary vaccination with a pneumococcal conjugate – effect on the immunological memory.

Smári Pálsson og samstarfsaðilar.
Endurhæfingarsvið og öldrunarsvið.
Væg vitræn skerðing: Greining og notagildi.

Sólveig Jónsdóttir og samstarfsaðilar.
Taugasálfræði barna. Próffræðilegir eiginleikar BASC hegðunarmatskvarðanna.

Sveinn Guðmundsson og samstarfsaðilar.
Blóðbankinn. Genatjáning í þroskaferli blóðmyndandi stofnfrumna.

Þóra Steingrímsdóttir og samstarfsaðilar, kvennasviði. Hagir kvenna sem leita til Kvinnadeildar Landspítala með sérstöku tilliti til þeirra, sem áður hafa verið beittar ofbeldi af einhverju tagi.

Þórarinn Gíslason og samstarfsaðilar,
Lungnasjúkdómar. Kæfisvefn á Íslandi.

Þórður Helgason og samstarfsaðilar.
Mælingar á geislavirkum efnum í líkama mannsins.

Þórður Þorkelsson og samstarfsaðilar.
Barnspítala Hringins. Áhrif reykinga á þá þætti sem ákvarða vöxt fósturs.

Unnur Steina Björnsdóttir og samstarfsaðilar.
Lyfl., ofnæmisfr. o.fl. Áhrif erfða og umhverfis á fyrstu æviárum: Samanburður á algengi ofnæmis og astma hjá íslenskum börnum, fæddum á Inlandi og á Íslandi og alin eru upp í svipuðu umhverfi.

Vilhjálmína Haraldsdóttir og samstarfsaðilar.
Krabbameinslækningar. Mónóklónal gammópatía á Íslandi. Algengi mónóklónal gammópatíu í stöðluðu þýði, tengsl við illkynja sjúkdóma. Sjúkdómsmyndun og forstíg mergrumæxla, (multiple myeloma).

ÁRSSKÝRSLA SIÐANEFNDAR LSH 2002

Reykjavík, 24. mars 2003.

